



Fréttatilkynning  
9. ágúst 2012

## Árshlutareikningur Landsnets hf. fyrir tímabilið janúar-júní 2012

- Hagnaður tímabilsins nam 236 milljónum króna -

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 236 mkr. fyrir fyrstu 6 mánuði ársins 2012 samanborið við tap að fjárhæð 133 mkr. fyrir sama tímabil árið 2011. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 4.178 mkr. samanborið 4.358 mkr. á sama tímabili fyrra árs og lækkar um 180 mkr. á milli ára. Betri afkoma á fyrri helmingi ársins 2012 í samanburði við fyrri helming fyrra árs stafar að mestu af breytingum í fjármagnsliðum og felst í hagstæðari breytingum á gengi á fyrstu 6 mánuðum ársins 2012 en var miðað við sama tímabil árið áður. Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 2.647 mkr. á tímabilinu en voru 3.165 mkr. á sama tímabili ársins 2011. Hrein fjármagnsgjöld lækka því um 518 mkr. á tímabilinu janúar-júní 2012 í samanburði við sama tímabil 2011.

Eiginfjárhlutfall í lok júní var 17,6% samanborið við 16,7% í lok ársins 2011. Eigið fé í lok tímabilsins nam 12.697 mkr. samanborið við 12.462 í lok árs 2011. Heildareignir félagsins í lok júní námu 72.094 mkr. samanborið við 74.679 mkr. í lok árs 2011. Heildarskuldir námu 59.397 mkr. samanborið við 62.217 mkr. í lok árs 2011.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í lok júní nam handbært fé 8.122 mkr. Handbært fé frá rekstri fyrstu 6 mánuði ársins nam 2.115 mkr.

Árshlutareikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 9. ágúst 2012.

### Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang [gudlaugs@landsnet.is](mailto:gudlaugs@landsnet.is)

*Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.*

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
<b>Rekstrarreikningur</b>		
Rekstrartekjur	6.157.980	6.043.375
Rekstrargjöld	( 3.211.844)	( 3.046.841)
<b>Rekstrarhagnaður</b>	2.946.136	2.996.534
Hrein fjármagnsgjöld	( 2.647.149)	( 3.164.565)
Áhrif hlutdeildarfélags	( 4.506)	2.324
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>	294.481	( 165.707)
Tekjuskattur	( 58.896)	33.141
<b>Hagnaður (tap)</b>	235.585	( 132.566)

	30.6.2012	31.12.2011
<b>Efnahagsreikningur</b>		
Fastafjármunir	62.180.711	62.451.825
Veltufjármunir	9.913.639	12.226.867
<b>Eignir samtals</b>	72.094.350	74.678.692
Eigið fé	12.697.467	12.461.882
Langtímaskuldir og skuldbindingar	56.869.458	55.579.998
Skammtímaskuldir	2.527.425	6.636.812
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	72.094.350	74.678.692

	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
<b>Sjóðstreymi</b>		
Handbært fé frá rekstri	2.115.360	2.452.862
Fjárfestingahreyfingar	( 1.000.805)	( 85.290)
Fjármögnunarhreyfingar	( 3.723.445)	( 66.486)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	220.610	( 15.007)
Handbært fé í ársbyrjun	10.510.666	4.255.901
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>	8.122.386	6.541.980

	1.1.-30.6.2012	1.1.-30.6.2011
<b>Helstu kennitölur</b>		
EBITDA	4.177.768	4.357.733
	<b>30.6.2012</b>	<b>31.12.2011</b>
Eiginfjárlutfall	17,6%	16,7%